



Ársskýrsla 2009

Annual Report 2009



© Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Ársskýrsla Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi: Störf árið 2009
Ársreikningur árið 2009
ISSN 1670-8679

Umsjón: Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Þróstur Freyr Gylfason og Tryggvi Jakobsson.

Ljósmyndir: starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, birtar með góðfúslegu leyfi ljósmyndasafns skrifstofu Sameinuðu þjóðanna (UN Photo). Myndir úr starfi félagsins tóku starfsmenn, stjórnamenn og/eða aðrir félagsmenn.

Hönnun ársskýrslu og uppsetning ljósmynda: Þróstur Freyr Gylfason.

Prentvinnsla: Oddi.

Ljósmyndir eru birtar með góðfúslegu leyfi UN Photo.

Forsíðumyndin er safn nokkurra ljósmynda úr fórum ljósmyndasafns skrifstofu Sameinuðu þjóðanna og sýnir hve fjölbreytilegt starf er unnið á vettvangi samtakanna. Talið frá vinstra eftir horni:

- i) flóttamenn innan ríkis í Zam Zam flóttamannabúðunum í Darfur-héraði, í Súdan, 1. júlí 2004;
- ii) framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna Ban Ki-moon (þriðji frá vinstri) heimsækir jaðar íssins á Norðurheimsskautinu til að kynna sér áhrif loftslagsbreytinga á ísjaka og jöklum. Heimsóknin er hluti af átaki Sameinuðu þjóðanna til að hvetja aðildarríkin til að koma sér saman um sanngjarnara og áhrifaríkara samkomulag á fundi Sameinuðu þjóðanna um loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009, Noregi, 1. september 2009;
- iii) ung stúlka æfir lestar í skóla sem studdur er af UNICEF í Qala-e-Haji Yahya þorpinu í Herat-héraði, Afganistan, 7. maí 2009;
- iv) fáni Sameinuðu þjóðanna, mynd frá árinu 1980;
- v) kona frá Zam Zam innanríkis-flóttamannabúðunum í Norður-Darfür greiðir atkvæði á fyrsta degi þingkosninga í landinu, Súdan, 11. apríl 2010.
- vi) friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Miðausturlöndum (UNDOF), skriðrekjar hersveita hörfa frá Hermonfjalli í samræmi við ákvæði samnings um friðarumleitanir, Gólanhæðir í Sýrlandi, 24. júní 1974;
- vii) friðargæslulíði á vegum bráðabirgðastjórnar Sameinuðu þjóðanna í Austur-Tímor (UNTAET) leikur við ungt barn í Hera, Austur-Tímor, 2. mars 2000;
- viii) Suður-Afrískir friðargæslulíðar í Austur-Kongó. Nampumelelo Nteo höfuðsmaður frá Suður-Afrísku tæknilegu aðstoðarteymi friðargæslusveita Sþ í Austur-Kongó (MONUC), eini kvenkyns friðargæslulíðinn í hópi níu manna, sést hér vinna í Camp Ndromo, Austur-Kongó, 25. október 2006;
- ix) börn að leik í Sosmaqala flóttamannabúðunum í Norður-Afganistan fyrir flóttamenn innan ríkisins. Í búðunum búa Afganar sem snúið hafa aftur eftir að hafa verið í mörg ár á flóttu í nágrennaríkinu Íran, Sar-e-Pul, Afganistan, 30. ágúst 2009;
- x) listakona fyrir framan listaverk tileinkað sólinni, á alþjóða geðheilbrigðisdeginum í Dili, Austur-Tímor, 6. október 2008;
- xi) frá upphafi árlegrar ráðstefnu aðildarríkja samnings um bann við dreifingu kjarnorkuvopna (NPT) [sem tók gildi á Íslandi 5. mars 1970] í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna New York, 3. maí 2010;
- xii) athöfn þar sem fánar 16 nýrra aðildarríkja eru dregnir að húni við höfuðstöðvar Sþ. Athöfninni var stýrt af Dag Hammarskjöld framkvæmdastjóra Sþ, fulltrúar hverrar þjóðar og öryggisverðir Sþ standa við fætur fánastanganna. Fánarnir voru dregnir að húni hver á fætur öðrum, í þeirri röð og kosið hafði verið um aðildarumsóknir ríkjanna í allsherjarþinginu, höfuðstöðvar Sþ í New York, 9. mars 1956;
- xiii) frieda Dalen, varamaður í norsku sendinefndinni og framsögumaður félags-, mannúðar- og menningarnefndarinnar ávarpar fyrsta fund allsherjarþingsins sem haldinn var í London. Dalen var fyrsta konan til að ávarpa allsherjarþingið, Sameinuðu þjóðirnar, London, Bretland, 29. janúar 1946.

Efnisyfirlit

1. Um félagið	2
1.1 Markmið félagsins	2
1.2 Stjórn	3
1.3 Starfsmaður	4
2. Fundir stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna	4
2.1 Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna 2009	4
3. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið.....	6
4. Globalis.....	7
5. Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna 2009.....	8
6. Aðrir viðburðir	10
6.1 Dagur Sameinuðu þjóðanna	10
6.2. Ungmennaþing COP 15 - ályktun til umhverfisráðherra	11
6.3 Sýning heimildamynda um mannréttindi	12
7. Vefsetur félagsins,	13
7.1 Vefsetur félagsins, www.un.is.....	13
7.2 Fréttir frá upplýsingaskrifstofu SP fyrir V-Evrópu (UNRIC).....	13
7.3.Vefsetur um 2015-markmið Sameinuðu þjóðanna	13
7.4 Vefsetur Matvælaáætlunar SP á íslensku.....	13
8. Önnur verkefni.....	15
8.1 Norðurlandsdeild Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	15
8.2 Stuðningur við Iceland Model United Nations (IceMUN) og MenntóMUN.....	15
8.3 Móttaka og fræðsla fyrir háskólastúdenta	16
8.4 Tölvuleikur Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP)	16
9. Undirbúningur verkefna	17
10. Erlent samstarf.....	18
11. English overview.....	19
11.1 Mission and Background	19
11.2 A Movement for a Stronger United Nations.....	19
11.3 Organisation and Members.....	19
11.4 Financing	19
12. Fjármál.....	20

1. Um félagið

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var stofnað 2. ágúst 1946. Saga félagsins er því orðin löng, en skipulagðri skráningu hennar er ekki lokið. Félag Sameinuðu þjóðanna gætir ávallt hlutleysis og flytur mál sitt í anda sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Skoðanir og afstaða um einstök mál sem kann að vera sett fram af hálfu Félags Sameinuðu þjóðanna er óháð. Allt kynningarstarf og málefnaumræða á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna er að fullu á ábyrgð þess. Félag Sameinuðu þjóðanna leggur sérstaka áherslu á þann þátt í starfsemi Sameinuðu þjóðanna sem snýr að málefnum þróunarlanda.

Félag Sameinuðu þjóðanna, ásamt Landsnefnd UNIFEM og Landsnefnd UNICEF, rekur Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Miðstöðin er vettvangur fyrir kynningarstarf og upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Félag Sameinuðu þjóðanna veitir almenningi, skólum, stofnunum, fjölmiðlum og öðrum aðilum sem þess óska upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar. Félag Sameinuðu þjóðanna tekur að sér kynningu á Sameinuðu þjóðunum og geta aðilar, svo sem utanríkisráðuneytið, vísað beiðnum um kynningu til félagsins.



Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

1.1 Markmið félagsins eru:

- að vinna almenning í landinu til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu þjóðanna
- að samræma starf þeirra félagssamtaka sem leggja vilja því lið að framkvæma hugsjónir Sameinuðu þjóðanna
- að vinna að því í samvinnu við blöð, útvorp, sjónvarp og skóla að kynna Íslendingum hugsjónir og starfsemi hinna Sameinuðu þjóða
- að stuðla að samvinnu allra þjóða heims
- að vinna að því að treysta alþjóðafrið og öryggi



Ban Ki-moon ávarpar systurfélag Félags Sameinuðu þjóðanna, í Austurríki, á fundi í þinghúsinu í Vínarborg 8. apríl 2010. Birt með leyfi UN Photo.

1.2 Stjórn

Stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna var kosin á aðalfundi 6. maí 2009, og skipti svofellt með sér verkum:

Ólafur Örn Haraldsson, formaður
þjóðgarðsvörður
olafurhar@simnet.is

Vilborg Ása Guðjónsdóttir, varaform.
sérfræðingur í alþjóðasamskiptum
vag7@hi.is

Berglind Sigmarsdóttir, gjaldkeri
viðskiptafræðingur, MPA
bsigmarsdottir@gmail.com

Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir
lögfræðinemi
helgabb@simnet.is

Níels Einarsson, mannfræðingur og
forstöðumaður
Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar
ne@unak.is

Sesselja Bjarnadóttir, líffræðingur
sesselja.bjarnadottir@
umhverfisraduneyti.is

Tryggvi Jakobsson
útgáfustjóri
tryggvi@nams.is

Vera Knútsdóttir
meistaranemi í öryggisfræðum
verak@talnet.is

Þróstur Freyr Gylfason
stjórmálafræðingur, sérfr. í
alþjóðasamskiptum
throstur.freyr@gmail.com



*Stjórn félagsins á fundi ásamt framkvæmdastjóra.
Á myndina vantar nokkra stjórnarmeðlimi*

Í stjórninni urðu nokkrar breytingar á árinu, Níels Einarsson og Vera Knútsdóttir fóru bæði í leyfi frá stjórnarstörfum á síðari hluta ársins og er þeim þakkað, fyrir hönd stjórnar, ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Emblu Eir Oddsdóttur var boðið áheyrnarsæti í stjórn í stað Níelsar og tryggði þar með viðveru fulltrúa Norðurlandsdeildar Félags SP í stjórn félagsins.

1.3 Starfsmaður

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, stjórnmálafræðingur, MA í Afríkufræðum og doktorsnemi í þróunarfræðum við Háskóla Íslands er framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna. Hún vinnur í hálfu starfshlutfalli fyrir félagið. Fyrri hluta árs 2009 var Guðrún Helga í fullu starfi hjá féluginu, þar af varði hún um helmingi vinnu sinnar við þýðingar vefsins www.globalis.is.



Tveir starfsnemar voru við störf hjá féluginu árið 2009. Ida Lundgren sem er Norðmaður og aðstoðaði framkvæmdastjóra við þýðingar á textum úr móðurmáli sínu og Hrafn Malmquist sem aðstoðaði við tölvutengd málefni.

2. Fundir stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna

Haldnir voru sjö stjórnarfundir frá aðalfundi 2009 fram að aðalfundi 2010: 20. maí 2009, 27. ágúst 2009, 19. nóvember 2009, 18. janúar 2010, 18. febrúar 2010, 25.mars 2010 og 6.maí 2010.

Þar af voru tveir lengri fundir, annar þar sem unnin var stefnumótunarvinna fyrir félagið og hinn þar sem verkefnaáætlun vetrarins var rædd í þaula.

Á fundum ársins lagði stjórn félagsins mikla áherslu á að endurmeta stöðu félagsins og móta þá stefnu sem það mun vinna eftir í framtíðinni. Ræddar voru leiðir til fjárhags- og félagaöflunar, auk þeirra verkefna sem voru á dagskrá.

2.1 Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna 2009

Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna var haldinn 6. maí 2009. Dagskrá aðalfundarins var: 1) Skýrsla formanns; 2) Reikningar fyrra árs lagðir fram til samþykktar; 3) Kosning stjórnar; 4) Önnur mál.

Formaður félagsins, Tryggvi Jakobsson setti fundinn og gerði grein fyrir starfi félagsins á liðnu starfsári. Ein fyrirspurn barst um hvort starfshlutfall framkvæmdastjóra verði ekki endurskoðað að lokinni vinnu við Globalis, vegna hás hlutfalls launakostnaðar af tekjum félagsins. Svör Guðrúnar Helgu voru þau að vitað hefði verið að hlutfall launakostnaðar yrði óvenjuhátt starfsárið 2008 vegna Globalis og að staðan yrði endurmetin með haustinu. Reikningar fyrra árs voru samþykktir samhljóða af fundarmönnum. Eftir samþykkt reikninga fór fram kjör í stjórn.

Bein kosning formanns og varaformanns. Ólafur Örn Haraldsson gaf kost á sér til formanns. Til varaformanns gáfu kost á sér Ollý Aðalgeirs dóttir og Vilborg Ása Guðjónsdóttir.

Niðurstaða: Fundurinn samþykkti samhljóða kjör Ólafs með lófataki. Kosið var á milli Ollýar og Vilborgar og hlaut Vilborg kjör.

Kosning sjö stjórnarmanna. Fundarstjóri greindi frá því að Elín Rós Sigurðardóttir, Þorvarður Atli Þórsson og Þórir Guðmundsson hefðu ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Lýsti fundarstjóri þá eftir framboðum og voru tíu í framboði: Berglind Sigmarsdóttir, Fjóla Einarsdóttir, Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, Hrafn Malmquist, Niels Einarsson, Sesselja Bjarnadóttir, Steingerður Hreinsdóttir, Tryggvi Jakobsson, Vera Knútsdóttir og Þróstur Freyr Gylfason. Var óskað eftir því að starfsmaður útbyggi kjörseðla. Frambjóðendur sögðu stuttlega frá sjálfum sér. Á kjörseðil merkti hver fundarmaður við sjö frambjóðendur. Talið var upp úr „kjörkassanum“ og merkt við atkvæði hvers og eins uppi á töflu frammi fyrir fundarmönnum.

Niðurstaða: Kosningu hlutu: Berglind Sigmarsdóttir, Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, Niels Einarsson, Sesselja Bjarnadóttir, Tryggvi Jakobsson, Vera Knútsdóttir og Þróstur Freyr Gylfason.

3. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið

Samstarfssamningur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi við utanríkisráðuneytið, sem m.a. kveður á um fjarstuðning við félagið, rann út í lok árs 2009. Framlag til félagsins hafði verið 4 milljónir á ári á árunum 2007-2009. Unnið var að endurnýjun samningsins fyrir árabilið 2010-2012 og lauk því verki í ársbyrjun 2010. Markmið samningsins eru að efla kynningu á hlutverki og starfi Sameinuðu þjóðanna, stuðla að aukinni umfjöllun um alþjóðamál á vegum félagsins með hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og fjalla um þátttöku Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Myndir frá gildistöku samnings SP um réttindi fólks með fötlun.

Ban Ki-moon framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna (til vinstri) tekur þátt í fundi Allsherjarþingsins um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun í tilefni af gildistöku hans.

Hjálmar W. Hannesson, varافorseti Allsherjarþingsins og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York (fyrir miðju), fer með fundarstjórn.



Sha Zukang, aðstoðarframkvæmdastjóri fyrir efnahags- og félagsleg málefni (til hægri).

Í bakgrunni efri myndar má sjá Srgjan Kerin forseta 62. Allsherjarþingsins ganga frá forsetastóli.

Myndirnar eru teknar í höfuðstöðvum SP 12. maí 2008.

Birtar með leyfi UN Photo.

4. Globalis

Hinn langþráði draumur félagsins um opnun á íslenskri útgáfu fræðsluvefsins www.globalis.is varð að veruleika á haustmánuðum 2009.



Ólafur Örn Haraldsson formaður býður gesti velkomna

Pann 23. október 2009 bauð
Félagið vinum sínum og
velunnurum til veislu þar sem
vefurinn var opnaður formlega.
Vefurinn er þróaður af Félagi
Sameinuðu þjóðanna í Noregi
og hefur notið mikilla vinsælda
þar í landi með um 60.000 –
80.000 heimsóknir á mánuði og
það færist sífellt í aukana að
vísað sé til vefsins í fjöldum.

atlas ásamt tölfraði frá Sameinuðu þjóðunum og ýmsum upplýsingum um stöðu heimsmála.

Upplýsingar eru um öll ríki heimsins og sérstakar upplýsingar um fátæk ríki með hliðsjón af markmiðum SP. Á vefnum eru upplýsingar um virk átök í heiminum og gervihnattamyndir sem sýna áhrif mannsins á umhverfið.



Guðrún Helga Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri kynnir vefinn

Á vefnum er sérstök áhersla lögð á málefni þróunarlanda, en einnig er þar að finna fræðslu um 2015-markmið (Þúsaldarmark-mið) Sameinuðu þjóðanna og

loftslagsbreytingar af manna völdum, svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er birt tölfraði á aðgengilegan og sjónrænan hátt um áðurnefnd efni og fleiri með það að markmiði að höfða til nemenda í grunn- og framhaldsnámi.

Vefurinn virkar sem

uppsláttarrit um lönd heims og átök í heiminum og er markmiðið með Globalis að setja upplýsingarnar fram á þann hátt sem kennslubækur geta ekki, tengja saman ýmis atriði og gera upplýsingar um heiminn aðgengilegri.



Vefurinn er mjög hentugt kennslutæki um alþjóðamál og mun Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi bera ábyrgð á íslensku útgáfunni og sjá um að þýðingunni verði viðhaldið, enda er um að ræða lifandi upplýsingar. Félag Sameinuðu þjóðanna í Noregi sendir kerfisbundið út upplýsingar til systurfélaga sinna um nýjar

uppfærslur og viðbætur við vefinn. Í tengslum við vefinn verður gefið út stuðnings- og kynningarefni og mun Félag SP bjóða upp á kennslu í notkun vefsins fyrir kennara á öllum stigum.

5. Próunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna 2009

Kynning á Próunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna fór fram 5. október 2009 í Norræna húsinu, en kynning á skýrslunni er einn af reglulegum viðburðum Félags Sameinuðu þjóðanna undanfarin ár.

Á fundinum kynnti Hulda Guðrún Gunnarsdóttir, sérfræðingur í innflytjendamálum helstu niðurstöður skýrslunnar. Amal Tamimi, varaformaður innflytjendaráðs, fjallaði um ástand innflytjendamála á Íslandi í dag og Ágúst Þór Árnason, brautarstjóri við lagadeild Háskólans á Akureyri, fjallaði um málefni skýrslunnar út frá víðara samhengi; Flóttamenn, innflytjendur og aðkomufólk - Réttindi eða mannréttindi.

Próunarskýrslan sem kom fyrst út árið 1990, er eitt af flaggskipum Próunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og er unnin í samvinnu við fjölda sjálfstæðra sérfræðinga um allan heim.



Ágúst Þór, Amal Tamimi og Hulda Guðrún, fyrirlesarar á kynningu Próunarskýrslunnar 2009

Þróunarskýrslan tekur ár hvert fyrir ákveðið viðfangsefni sem hún beinir athyglinni að, eins og til dæmis lýðræði, fátækt, mannréttindi eða alþjóðavæðingu. Viðfangsefnið er síðan sett fram með lýsandi tölfræði fyrir meira en 180 lönd. En skýrslan er einkum þekkt fyrir lífskjáralista sinn (e. Human Development Index, HDI). Lífskjáralistinn mælir þróun lífskjara í löndum heims eftir þremur mikilvægum breytum, menntun, heilsu og efnahag.

Árið 2009 fjallaði skýrslan um fólksflutninga í sinni víðustu mynd og var yfirskriftin: *Overcoming barriers: Human mobility and development*

Búferlaflutningar geta aukið möguleika fólks – bæði með tilliti til aukinnar innkomu, þjónustu og þáttöku í samfélagi almennt. En það hafa ekki allir jafna möguleika á að flytjast búferlum og leita nýrra tækifæra fjarri heimahögum. Möguleikar fólks á að flytjast búferlum fara oft eftir stöðu þeirra og efnahag. Þetta ójafnrétti var rauði þráðurinn í skýrslunni að þessu sinni.

Skýrslan skoðar fólksflutninga út frá ólíkum sjónarhornum. Allt frá flóttamönnum sem neyðast til að flytjast búferlum til verkamanna sem flytjast tímabundið vegna atvinnumöguleika og vel efnaðs menntafólks sem kýs að flytjast búferlum af ýmsum



ástæðum. Skýrslan veltir upp kostum og göllum fólksflutninga fyrir þróun lífskjara. En stefna stjórnvalda í innflytjendamálum hverju sinni getur skipt höfuðmáli í þeim efnunum.

6. Aðrir viðburðir

6.1 Dagur Sameinuðu þjóðanna

Það er orðinn fastur liður í starfsemi Félags Sameinuðu þjóðanna að standa fyrir svokölluðu „Road show“ í Kringlunni á Degi Sameinuðu þjóðanna 24. október.



Nemendur á framhaldsskólastigi settu upp

„Road-show“ á Blómatorgi Kringlunnar

öryggisráð Sameinuðu þjóðanna á blómatorgi Kringlunnar og ræddu þar ástandið í Afganistan. Uppsetning öryggisráðsins kallast Model United

Nations og er skipulagt af IceMUN, undirfélagi Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.



Haldið er upp á dag SP um allan heim. Hér er mynd frá tónleikum í höfuðstöðvum SP í New York þannan dag 2009. Birt með leyfi UN Photo.

6.2. Ungmennapring COP 15 - ályktun til umhverfisráðherra

Ungir félagar í Félagi Sameinuðu þjóðanna stóðu fyrir málþingi þar sem rædd voru þau málefni sem tekin skyldu fyrir á fundi um loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009.

Að loknu málþinginu fóru fulltrúar þeirra til umhverfisráðherra þar sem henni var afhent ályktun frá þinginu þar sem skorað var á sendinefnd Íslands á fundi um loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn dagana 7. – 18. desember 2009 að beita sér fyrir ýmsum mikilvægum atriðum.



Umhverfisráðherra afhent áskorunin

Meðal þeirra var að lögð verði áhersla á að auka rannsóknir og þekkingu í loftslagsmálum. Þjóðir heims setji af stað alheimsfræðsluátak um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á lífskjör fólks í heiminum. Að fólk verði gerð grein fyrir þeim áhrifum sem Vesturlöndin eru að hafa á þróunarlöndin með gjörðum sínum. Að ýtt verði undir notkun endurnýjanlegra orkugjafa, að aðrir orkugjafar sem ekki valda loftslagsbreytingum verði skoðaðir og að þjóðir heims minnki útblástur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu og dragi úr áhrifum loftslagsbreytinga. Einnig var skorað á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að lögð verði áhersla á að aðstoða þróunarlöndin við að mæta skilyrðum Kýótó bókunarinnar.



Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SP ávarpar fund um loftslagssamning SP í Kaupmannahöfn, COP-15, 15. desember 2009. Birt með leyfi UN Photo.

6.3 Sýning heimildamynda um mannréttindi

Félag Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við Alþjóðasamfélagið, félag meistarana ema í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands, efndi til sýninga á heimildamyndum um mannréttindi á haustönn 2009. Sýning myndanna var í boði Franska sendiráðsins á Íslandi.

Myndirnar voru gerðar í tilefni 60 ára afmælis Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og eru í eigu Franska sendiráðsins á Íslandi.

Félagið og Alþjóðasamfélagið buðu gestum að sjá myndirnar í Odda í Háskóla Íslands annað hvert þriðjudagskvöld frá september til desember 2009.

Nemendur á Austur-Tímor fræðast um mannúðar og mannréttindastarf SP.

Birt með leyfi UN Photo.



7. Vefsetur félagsins,

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi rekur þrjú vefsetur undir sínu nafni.

7.1 Vefsetur félagsins


Fyrst ber að nefna www.un.is þar sem settar eru inn fréttir frá starfi félagsins og hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar. Þar er til að mynda að finna upplýsingar um félagið, aðild, markmið, stjórn, lög, sögu, húsnæði og starfskrafta. Einnig upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar í hnottskurn, skipulag og uppbyggingu þeirra, friðarstarf, réttindi og lög, mannúðaraðstoð, þróunarstarf, sérstofnanir SP, Ísland og Sameinuðu þjóðirnar, Þúsaldarmarkmiðin ásamt tenglum inn á innlendar og erlendar vefsíður, upplýsingar um störf hjá SP og fleira. Vinna við uppfærslu og endurnýjun síðunnar hófst í lok árs 2009 og fer nýja útgáfan í loftið á aðalfundi 2010.

7.2 Fréttir frá upplýsingaskrifstofu SP fyrir V-Evrópu (UNRIC)

Haustið 2007 var farið að færa beint inn á vefinn fréttir frá upplýsingafulltrúa svæðisskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu (UNRIC). Það góða samstarf er enn í gildi og er stjórn félagsins þakklát fyrir þá vinnu sem unnin er fyrir félagið þar.

7.3. Vefsetur um 2015-markmið Sameinuðu þjóðanna

Vefurinn www.2015.is er eini íslenski vefurinn tileinkaður 2015-markmiðum [Þúsaldarmarkmiðum] Sameinuðu þjóðanna. Vefurinn er gerður að norrænni fyrirmynnd og þar er að finna margskonar upplýsingar um markmiðin. Vinna við uppfærslu á tölfraði vefsins er hafin. Hér að neðan má sjá skjámynd af hinu uppfærða útliti vefsíðunnar.



Í september árið 2000, í upphafi nýs árbúsunda, sameinuðust leiðtoga heims í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

7.4 Vefsetur Matvælaáætlunar SP á íslensku

Félag Sameinuðu þjóðanna hélt áfram umsjón á íslenskri vefsíðu Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna www.wfp.is, en hún er byggð á sama grunni og aðrar upplýsingasíður WFP á Norðurlöndunum. Á upplýsingasíðunni kemur fram að Matvælaáætlun SP aðstoðar fólk í neyð, hvort sem neyðin er af völdum náttúruhamfara, átaka eða alnæmisfaraldurs. Stofnunin gefur hungruðum og fátækum von með því að útvega þeim matvæli og sinna þannig helstu grunnþörfum þeirra. 15 milljónir barna í heiminum fá staðgóða máltíð á hverjum degi með hjálp skólamáltíðarverkefnis Matvælaáætlunarinnar.

8. Önnur verkefni

8.1 Norðurlandsdeild Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Norðurlandsdeild Félags SP var stofnuð í október 2008 og er til húsa í Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Níels Einarsson hefur veitt deildinni forstöðu, en í lok árs tók Embla Eir Oddsdóttir við því hlutverki. Hjá Norðurlandsdeild Félags SP er hægt að nálgast skýrslur og upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar, en deildin er rekin sem upplýsingaskrifstofa Félagsins fyrir Norðurland.

8.2 Stuðningur við Iceland Model United Nations (IceMUN) og MenntóMUN

IceMUN hefur skapað sér hefð og vinsældir á framhaldsskóla- og háskólastigi og Félag Sameinuðu þjóðanna hefur stutt við það starf frá upphafi. IceMUN hélt tvær ráðstefnur veturninn 2009–2010, MenntóMUN og IceMUN. Báðar ráðstefnurnar voru haldnar í Háskólanum í Reykjavík í góðu boði þess skóla.

MenntóMUN var haldið 22. – 25. október 2009 og rætt var um málefni Afganistan . Á meðan á MenntóMUN stóð tók IceMUN (félagið) þátt í að kynna Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í Kringlunni, með því að færa ráðstefnuna þangað einn eftirmiðdag, þann 24. október. Tilefnið var dagur Sameinuðu þjóðanna. Viðburðurinn var góð kynning og fjölmíðlar mættu á staðinn.

IceMUN var haldið 4. – 7. mars 2010 og rætt var um fyrirbyggjandi árásir, lögmæti þeirra og siðferðilega réttlætingu á þeim.

8.3 Móttaka og fræðsla fyrir háskólastúdenta

Mikill áhugi er meðal stúdenta á heimsóknum í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna. Má þar nefna heimsókn stúdenta sem tóku þátt í ráðstefnunum MenntóMUN og IceMUN 2009.



Páttakendur MenntóMUN í heimsókn í Miðstöðinni

8.4 Tölvuleikur Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP)

Í árslok 2007 var skrifað undir samkomulag við utanríkisráðuneytið um þýðingu tölvuleiks um matvælaaðstoð í heiminum sem á ensku heitir: „Food



Force – Educational Video Game“. Félagið tekur þar að sér að þýða tölvuleikinn úr ensku á íslensku, útvega tæknivinnu, láta talsetja leikinn, fjölfalda, og kynna leikinn að útgáfu og fjölfoldun lokinni. Er þetta spennandi verkefni en félagið kannaði strax með samstarf við Listaháskóla Íslands, CCP, og fleiri aðila. Fer verkefnið vel saman við markmið Félags Sameinuðu þjóðanna um að leggja sérstaka áherslu á þann þátt í starfsemi

Sameinuðu þjóðanna sem snýr að málefnum þróunarlanda. Nýtur félagið fjárhagsstuðnings við þetta verk frá utanríkisráðuneytinu.



Bóni vinnur Sorghum-fræ í Súdan úr grasfræjum sem gefin hafa verið í gegnum fræbótarverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna.
Birt með leyfi UN Photo.

9. Undirbúningur verkefna

Ýmis verkefni eru í undirbúningi hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna, auk þeirra sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, einkum með fræðslu og umfjöllun um Sameinuðu þjóðirnar að meginmarkmiði. Verkefnin verða kynnt félagsmönnum og almenningi, bæði á fundum, gegnum vefsetur félagsins, með tölvupósti, og í fjöldum.

Nokkur dæmi um verkefni núna og á næstu misserum eru: uppfærslur vefsetra félagsins www.un.is og www.2015.is; áframhaldandi kynning á Próunarskýrslu UNDP (Human Development Report); áframhaldandi þýðingar og kynning á vefsetrinu www.globalis.is og samevrópskt átak í kynningu Þúsaldarmarkmiðanna á Íslandi, auk málþinga og funda eins og hefð hefur verið fyrir undanfarin ár.

10. Erlent samstarf

Sama dag og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var stofnað voru svipuð félög stofnuð í öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna um heiminn, sem og heimssamtök félaganna: World Federation of United Nations Associations, WFUNA. Síðan þá telja Félög Sameinuðu þjóðanna vel á annað hundrað, en aðildarríki SP eru 192.

Systursamtökin á Norðurlöndunum eru mjög öflug og Félag Sameinuðu þjóðanna hefur gott samstarf við þau. Samráðsfundir eru haldnir meðal félaganna árlega þar sem skipst er á hugmyndum, enda fer mikið starf fram hjá félögnum sem hafa samtals um sextíu starfsmenn í fullu starfi. Framkvæmdastjórar félaganna hittust 8. – 10. júní 2009 í Kaupmannahöfn í Danmörku. Þar var meðal annars rætt um fund um loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í Kaupmannahöfn í desember 2009 og Jakob Simonsen framkvæmdastjóri norrænnar skrifstofu UNDP heimsótti fundinn. Hafa systurfélögin boðið Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi endurgjaldslaust allt það kynningar- og upplýsingaefni sem þau hafa hannað og framleitt. Í samræmi við almenn markmið félagsins, er verkefnið því að velja úr öllu því góða efni sem til er á Norðurlöndum, þýða það og staðfæra.

Upplýsingaskrifstofa SP fyrir V-Evrópu, UNRIC, er staðsett í Brüssel. Árni Snævarr, upplýsingafulltrúi sér um norrænu deildina þar. UNRIC hefur óskað eftir nánu samstarfi við félög Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Evrópu, en það telur félög SP besta og rök-réttasta valkostinn um samstarf fyrir UNRIC. Ætlunin er að samræma upplýsinga- og kynningarstarf á meginmálefnum Sameinuðu þjóðanna milli Evrópulanda.

Samstarf Félags Sameinuðu þjóðanna við skrifstofuna hefur verið ákaflega lipurt og gott, og ber að þakka það. Hefur UNRIC sent féluginu mikið magn upplýsinga, auk nokkurs magns af prentuðu efni bæði á ensku, norrænum málum og sérpentað efni á íslensku.



Kofi Annan, framkvæmdastjóri SP flytur ávarp við formlega opnun Upplýsingaskrifstofu SP í Brüssel, 30. janúar 2004, en hún kom í stað níu upplýsingaskrifstofa sem voru lagðar niður í árslok 2003. Á vinstri hönd er Guy Verhofstadt, forsætisráðherra Belgíu. Birt með leyfi UN Photo.

11. English overview

11.1 Mission and Background

The objective of UNA Iceland is to provide information on and raise public awareness about the UN in Iceland. The aim is to engage people to actively participate in debate towards the goals of the UN, and in lobbying the government, political parties, interest groups, and trade and industry. UNA Iceland began its activities in 1946. UNA Iceland is a non-governmental, non-political, non-partisan and secular organization.

11.2 A Movement for a Stronger United Nations

UNA Iceland aims to be a link between people in Iceland and the UN. By organising seminars, debates, and producing factual materials on various topics, UNA Iceland follows and monitors the work of the UN. In order to promote a stronger UN we provide opportunities to discuss UN-related issues with our members, schools and universities, and large sections of Icelandic society. UNA Iceland also aims to coordinate a number of networks with the aim of being a platform for dialogue and cooperation between organisations and public authorities. By providing accurate coverage of the UN and its programmes to the media a public opinion in support of the UN and its values is being created. UNA Iceland also works to influence decision-makers.

11.3 Organisation and Members

UNA Iceland is run by a professional staff as well as volunteers. It is governed by an elected board with 9 members. The Chairman of the association is Mr. Olafur Orn Haraldsson. The UNA Iceland secretariat is under the leadership of Director Ms. Gudrun Helga Johannsdottir, and is located at the UN Centre in Reykjavik, along with the National Committees of UNICEF and UNIFEM.

UNA Iceland has hundreds of individual members from all over the country.

11.4 Financing

UNA Iceland's activities are mainly funded by government subsidy from the Icelandic Ministry for Foreign Affairs. Financing for 2009 totalled approximately 29 thousand Euros.

12. Fjármál

Félagið fór ekki varhluta af því ástandi sem ríkt hefur á Íslandi undanfarin misseri. Tekjur félagsins drögust saman um kr. 800.000- á milli ára frá 2008 til 2009. Stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna hefur undanfarið ár lagt mikla vinnu í að úthugsa nýjar leiðir til fjárlunar fyrir félagið sem farið verður af stað með á næsta starfsári.

Tekjur Félags Sameinuðu þjóðanna árið 2009 voru kr. 5.026.519- og skiptast svo: kr. 4.000.000,- frá Utanríkisráðuneytinu og kr. 1.026.519- frá tungumála-áætlun Nordplus vegna Globalis.

Helstu útgjaldaliðirnir eru laun og launatengd gjöld, húsaleiga, kostnaður vegna Globalis og ferðakostnaður. Nánar má lesa um þá í ársreikningi sem fylgir hér með. Staða félagsins í árslok er neikvæð, en beðið er styrks vegna Globalis sem ætlað er að nái að mestum hluta yfir þá neikvæðu stöðu, styrkurinn verður greiddur til félagsins um mitt ár 2010.

Hlutdeild félagsins í húsnæðiskostnaði miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2009 var kr. 80.495-. Þegar fjármunir sem miðstöðin nýtur af fjárlögum ríkisins þróta hafa félögin þrjú undir þaki hennar greitt nokkuð til að endar næðust saman. Árið 2009 nam upphæð á viðkomandi lið fjárlaga kr. 2.700.000-.




Börn að leik í nýbyggðri Vesturbæjarlauginni undir berum himni í Reykjavík.

„Sundlaugin er hituð upp með hitaveitu borgarinnar og er hluti af tveggja milljón dollara [þróunar]verkefni Alþjóðabankans sem miðar að því að nýta vatn frá heitum uppsprettum í verslana- eða íbúðarsvæðum þar sem þéttni byggðar er nægileg til að gera nýtinguna arðbæra.“ 1. október 1962.

Birt með leyfi UN Photo.

Sendi herrar og fastafulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York



UN Photo. Birtar með góðfúslegu leyfi UN Photo.

Myndirnar af sendiherrum og fastafulltrúum Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York eru úr fengnar úr fórum ljósmyndasafns skrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Talið niður í þremur dálkum, frá vinstra eftir horni:

- i) Benedikt Gröndal, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York (til vinstri), heilsar Javier Perez de Cuellar, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, eftir að hafa afhent trúnaðarbréf sitt, 4. október 1989. Benedikt var áttundi sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 4. október 1989 – 1. september 1991.
- ii) Gunnar Pálsson, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York (til vinstri), afhendir Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, trúnaðarbréf sitt 8. janúar 2009 og gegnir þeirri stöðu þegar þessi ársskýrsla Félags S.þ. fyrir árið 2009 er gefin út í maí 2010. Gunnar var níundi sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 22. september 1994 – 31. ágúst 1998 og gengir nú því embætti í annað sinn, frá 8. janúar 2009.
- iii) Hans G. Andersen, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 11. nóvember 1986 en myndin er tekin sama dag. Hans var sjöundi sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 11. nóvember 1986 – 4. október 1989.
- iv) Hjálmar W. Hannesson, fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, flytur ávarp á fundi Allsherjarþingsins um flutninga fólks milli landa og þróunarmál, 15. september 2006. Hjálmar var ellefti sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 18. september 2003 – 8. janúar 2009.


- v) Thor Thors, fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Myndin er tekin árið 1960 í New York, líklega á landi höfuðstöðva S.þ. við Hudson ána, austan við fyrstu breiðgötu milli 42. og 48. stætis. Samkvæmt skjölum ljósmyndasafns skrifstofu Sameinuðu þjóðanna er myndin tekin 1. janúar 1960. Thor var fyrsti sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 19. september 1947 – 11. janúar 1965.
- vi) Ingvi S. Ingvarsson, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 14. september 1973 en myndin er tekin sama dag. Ingvi var fjórði sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 14. september 1973 – 1. ágúst 1977.
- vii) Hannes Kjartansson, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York (til hægri), afhendir U Thant, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, trúnaðarbréf sitt 20. maí 1965. Glögglega sést að fyrirsögn trúnaðarbréfsins er: „Forseti Íslands gjörir kunnugt“ og að það er undirritað af forseta lýðveldisins, Ásgeiri Ásgeirssyni (þann 17. maí 1965). Hannes var annar sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 17. maí 1965 – 11. júní 1972.

- viii) Hörður Helgason, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 7. september 1982 en myndin er tekin sama dag. Hörður var sjötti sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 7. september 1982 – 11. nóvember 1986.
- ix) Þorsteinn Ingólfsson, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 11. september 1998 en myndin er tekin sama dag. Þorsteinn var tíundi sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 1. september 1998 – 18. september 2003.
- x) Tómas Á. Tómasson, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt til Kurt Waldheim, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 14. september 1977 en myndin er tekin sama dag. Tómas var fimmti sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 1. ágúst 1977 – 7. september 1982 og gengdi því embætti í annað sinn, frá 15. september 1993 – 22. september 1994.
- xi) Haraldur Kröyer, nýr fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt til Kurt Waldheim, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna 11. september 1972 en myndin er tekin sama dag. Haraldur var þriðji sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 1. september 1972 – 14. september 1973.

**Félag Sameinuðu þjóðanna
á Íslandi**

kt. 550278-0149, Laugavegi 42, 101 Reykjavík

Ársreikningur 2009



Efnisyfirlit

Bls.

<i>Skyrsla stjórnar</i>	2
<i>Áritun</i>	3
<i>Rekstrarreikningur</i>	4
<i>Efnahagsreikningur</i>	5
<i>Sjóðstreymi</i>	7
<i>Sundurlíðanir</i>	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Að álið stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu námu gjöld umfram tekjur kr. 603.572 og eigið fé stofnunarinnar var neikvætt í árslok um kr. 286.457.

Stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. maí 2010

Stjórn félagsins:

Raufur Ó. Haraldsson

Félagslega kjörnir
endurskoðendur:

Guðrún Óskarsdóttir
Kristín Jónasdóttir

Áritun

Til stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi vegna ársins 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning félagsins fyrir árið 2009, efnahagsreikning 31. desember 2009, sjóðstreymi ársins, og sundurliðanir.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda þess.

Í ársreikningnum er að finna allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að meta afkomu félagsins á liðnu ári og fjárhagsstöðu þess í árslok.


Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Reykjavík, 10. maí 2010

Veghús ehf.

viðskipta og bókhaldsþjónusta

Jón Óskar Carlsson



Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	1	5.026.519	5.800.000
		<u>5.026.519</u>	<u>5.800.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	4.620.427	5.328.266
Húsnæðiskostnaður	3	80.495	114.589
Stjórnunarkostnaður	4	933.242	1.767.598
		<u>5.634.164</u>	<u>7.210.453</u>
<i>Tap fyrir fjármagnsliði</i>		<u>(607.645)</u>	<u>(1.410.453)</u>
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur		30.218	146.399
Vaxtagjöld og bankakostnðaur		<u>(26.145)</u>	<u>(18.808)</u>
		<u>4.073</u>	<u>127.591</u>
<i>Gjöld umfram tekjur</i>		<u>(603.572)</u>	<u>(1.282.862)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	2009	2008
<i>Eignir</i>	Skýr.	
<i>Fastaffármunir</i>		
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Engir varanlegir rekstrarfjármunir	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u><i>Fastaffármunir alls</i></u>	<u><i>0</i></u>
	<u><i>Veltufjármunir</i></u>	<u><i>0</i></u>
Viðskiptakrōfur	150.000	150.000
Aðrar skammtimakrōfur	0	0
Handbært fé	<u>39.439</u>	<u>668.338</u>
	<u><i>Veltufjármunir alls</i></u>	<u><i>189.439</i></u>
	<u><i>Eignir alls</i></u>	<u><i>818.338</i></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	2009	2008
Skuldir og eigið fé	Skýr.	
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé f.f. ári	317.115	1.599.977
Gjöld umfram tekjur á árinu	<u>(603.572)</u>	<u>(1.282.862)</u>
<i>Eigið fé alls</i>	<u>(286.457)</u>	<u>317.115</u>
Langtímaskuldir		
Engar langtímaskuldir í árslok	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir		
Ógr laun og launatengd gjöld	265.610	290.937
Biðreikningur eldri gjalda	210.286	210.286
Aðrar skammtímaskuldir	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>475.896</u>	<u>501.223</u>
<i>Skuldir alls</i>	<u>475.896</u>	<u>501.223</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>189.439</u>	<u>818.338</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2009

	2009	2008
<i>Handbært fé frá rekstri:</i>		
Hagnaður (tap) ársins	(603.572)	0
Rekstrarliðir, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:		
Afskriftir fastafjármuna	0	0
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum	0	0
<i>Veltufé frá (til) rekstri</i>	<u>(603.572)</u>	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Minnkun (-aukning) skammtimakrafna	0	0
Aukning (-minnkun) skammtímaskulda	<u>(25.327)</u>	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>(25.327)</u>	0
<i>Handbært fé frá (til) rekstri</i>	<u>(628.899)</u>	0
<i>Fjárfestingarhreyfingar:</i>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	0	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	<u>0</u>	0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	<u>0</u>	0
<i>Fjármögnumnarhreyfingar:</i>		
Afborgun langtímalána	0	0
Innborgað hlutafé	0	0
Bankalán	<u>0</u>	0
<i>Fjármögnumnarhreyfingar</i>	<u>0</u>	0
Hækjun (lækkun) á handbæru fé	(628.899)	0
Handbært fé í ársbyrjun	668.338	0
Handbært fé í árslok	<u>39.439</u>	0

Sundurliðanir

	2009	2008
1 Tekjur		
Framlag ríkissjóðs	4.000.000	5.500.000
* Styrkir, FN sambandet Noregi	1.026.519	300.000
	<u>5.026.519</u>	<u>5.800.000</u>
2 Laun og launatengd gjöld		
Laun	3.980.478	4.543.906
Mótframlag í lifeyrissjóð	318.438	428.791
Tryggingagjald	262.998	288.774
Sjúkra og orlofssjóður	58.513	66.795
	<u>4.620.427</u>	<u>5.328.266</u>
3 Húsnaðiskostnaður		
** Húsaleiga	80.495	114.589
	<u>80.495</u>	<u>114.589</u>
4 Stjórnunarkostnaður		
Simi, internet og fax	73.067	32.322
Burðargjöld	3.175	0
Pappír, prentun og ritföng	110.486	159.517
Fagbækur og timarit	0	11.081
Reikningsleg aðstoð	238.728	168.946
Ferðakostnaður	227.963	662.727
Fundakostnaður	72.960	64.114
Globalis	112.970	0
Dagur SP	47.000	16.919
Þróunarskýrsla SP	30.000	166.514
Félags- og aðildagjöld	0	24.040
Auglýsingar	9.833	66.256
Styrkir	7.060	210.000
Markmið og kynningar	0	108.872
Annar kostnaður	0	76.290
	<u>933.242</u>	<u>1.767.598</u>

* Rétt þykir að benda á, að Nordplus mun leggja til auka styrk á árinu 2010 er nemur um EUR 1.000.

** Húsnaðiskostnaður Félags SP er hlutdeild í heildarkostnaði af leiguþúsnaði eftir frádrátt styrks frá Utanríkisráðuneytinu.

